

25. fundur Skóla- og fræðslunefndar haldinn kl. 20:00 í Laugargerðisskóla 04. des 2019.

Mætt voru: Katrín Gísladóttir, Sigurbjörg Ottesen, Veronika G. Sigurvinsdóttir, Ingveldur Eiríksdóttir skólastjóri og Sigurður Jónsson fulltrúi kennara.

Katrín setti fund og gaf Ingveldi orðið.

- Ingveldur lagði fyrir samþykkt að ráðnir yrðu tveir leiðbeinendur skólaárið 2019 – 2020. Það eru Sandra Dögg Björnsdóttir og Sveinbjörg Zophoníasdóttir. **Samþykkt samhljóða.**
- Ingveldur sagði okkur frá Íbúáþingi sem var um skólamál. Vel heppnað og málefnalegt en hefðu gjarnan mátt koma fleiri og þá fleiri skoðanir og hugmyndir í leiðinni. Það var ítrekað reynt að auglýsa þingið og fá fleiri að borðinu, án árangurs. Einnig hefur verið tekið samtalið við starfsfólk um framþróun með góðum árangri. Þeirri vinnu verður fram haldið í vetur – og inn í framtíðina. Mikilvægt er að efla samtál um skólamál sveitarfélagsins. Ingveldur fer í veikindaleyfi frá 8. desember fram yfir áramót.
- Katrín spurði um stöðu mála í sérþjónustu og sérkennslu. Aðalbjörg (Didda), þroskaþjálfari hefur starfað við sérþjónustu bæði í leik- og grunnskóladeild. Tveir talmeinafræðingar komu inn í skólann í haust og unnu gott starf bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Það er vöntun á námsráðgjafa sem nemendur geta leitað reglulega til en góð sálfræðiþjónusta. Það er skóla- og félagsþjónusta Snæfellsnes sem sinnir Laugargerði en Ingveldur telur þetta fyrirkomulag ekki vera að virka eins vel og þyrfti. Erfitt hefur reynt að manna stöður og mikið álag á þeim sem starfa, t.d. í félagsþjónustunni. Umræða um hvort ekki þurfi að endurskoða hvort Laugargerði eigi betur heima í skóla- og félagsþjónustu annarra sveitafélaga eða kaupa þjónustu af sjálfstætt starfandi aðilum þar sem það á við.
- Ingveldur er ánægð með breytilegan starfsmannahóp. Um áramót hættir matráður sem hefur sinnt afleysingu í haust. Verið að finna lausn á því. Enn á áætlun að lækka starfshlutfall matráðs í um 80% starf en Ingveldur telur það ekki óraunhæft vegna fækkunar nemenda og breytinga á starfslýsingu.
- Umbótaáætlun alltaf í vinnslu. Aðeins rætt um fjölbreytileg kennslurými. Ingveldur telur að hver krókur og kimi sé vel nýttur í skólanum á fjölbreyttan hátt. Húsnæðið býður hins vegar upp á fjölbreytta möguleika sem alltaf er gott að hafa augun opin fyrir. Aðastaðan mun síðan batna til muna með miklu átaki sem stefnt er að í viðhaldi húseigna.
- Aðeins rætt um viðhaldsmál á húsnæði. Verið er að skipta um þak á íþróttahúsinu. Eftir áramót verður farið í að skipta um þak yfir gömlu heimavistinni. Rætt um lýsingu fyrir utan skólann. Nauðsynlegt að laga lýsingu utanhúss nú yfir dimmasta tímenn. Bæði starfsfólk og nemendur geta verið í stórhættu á bílastæði, við skóla og á milli skóla – kennaraíbúða og íþróttahúss. Hvetjum sveitafélagið til að laga lýsingu sem allra fyrst.

Fleira ekki gert og fundi slitið. Veronika G. Sigurvinsdóttir ritaði fundargerð.

